

Nettengd Biblía fyrir börn kynnir



Kirkjan í
öngstraeti



Höfundur: Edward Hughes
Myndskreytingar: Janie Forest
Aðlagað af: Ruth Klassen
Alastair Paterson
Þýðandi: Práinn Kristjánsson
Framleiðandi: Bible for Children
www.M1914.org

BFC
PO Box 3
Winnipeg, MB R3C 2G1
Canada

©2020 Bible for Children, Inc.

Skilmálar: Þér er heimilt að afrita eða prenta þessa sögu,
en ekki selja.




Fimmtíu dögum eftir að Jesús sonur Guðs reis upp frá dauðum, kom heilagur andi til að búa í fylgjendum hans. Þó að lærisveinarnir ekki skildu hvernig Guð faðirinn, Guð sonurinn (Jesús) og Guð hinn heilagi andi gátu allir verið einn Guð, þá voru þeir fegnir að hafa Guð með sér. Guð hjálpaði lærisveinunum á undursamlegan hátt að segja öðrum frá Jesú.




Fólk sem trúði á Jesú skipti því sem það átti með öðrum og þar á meðal þeim sem voru fátækir. En hjónin Ananías og Safíra voru óheiðarleg.

Þau seldu land og þóttust gefa alla peningana til lærisveinana.

Á laun héldu þau hluta peningana fyrir sig.






"Af hverju fyllti Satan hjarta þitt, svo að þú laugst að heilögum anda...?" Pétur spurði Ananías. "Ekki hefur þú logið að mönnum, heldur Guði." Þegar Ananías heyrði þetta, féll hann niður og gaf upp öndina. Ungu


mennirnir bjuggu um hann, báru hann út og jörðuðu.



Stuttu seinna kom Safíra inn án þess að vita að maður hennar hafði dáið. Hún sagði líka ósatt um peningana - jafnskjótt féll hún niður og gaf upp öndina. Miklum ótta sló á alla þá er þetta heyrðu.




Heilagur andi
Guðs gerði mikil
tákn og undur
í gegnum
postulana. Til
dæmis læknuðust
sjúkir er skuggi
Péturs féll á þá.



Þetta var tími
mikilla kraftaverka
er sannaði
nærveru Guðs.
Fleira og fleira
fólk trúði á Jesú.
Þetta varð til þess
að æðsti presturinn
fylltist reyði. Hann

lét setja lærisveinana
í fangelsi.





En engill
drottins opnaði
fangelsisdyrnar
um nóttina, leiddi
þá út og sagði,
"Farið í musterið
og talið til fólksins

öll þessi lífsins orð." Postularnir fóru og sögðu frá
Jesú og kenndu boðskap hans. Næsta morgun komu
menn æðsta prestsins að fangelsinu tómu.



Loksins er æðsti presturinn hafði fundið postulana, ávitaði hann þá og sagði: "Var ykkur ekki stranglega bannað að kenna í þessu nafni?" "Okkur ber að hlýða Guði frekar en mönnum," svöruðu Pétur og hinir postularnir.



Æðsti presturinn varð svo ofsareiður að hann hugðist drepa postulana. Þess í stað lét hann húðstrýkja þá og láta þá lausa. Þrátt fyrir sársaukann, hlýddu postularnir Guði og héldu áfram að kenna um Jesú.



Dag nokkurn var maður að nafni Stefán handtekinn. Stefán elskaði Jesú. Heilagur andi notaði hann til að segja öðrum frá Jesú. Sumir báru út lygasögur um Stefán og sögðu að hann talaði

gegn Guði. Að loknum réttarhöldum með ljúgvitnum, var Stefán grýttur til dauða vegna þess að hann trúði á Jesú.



Rétt áður en Stefán dó, fullur af heilögum anda, starði hann til himins og sá dýrð Guðs og Jesú standandi á hægri hönd Guðs.

Á meðan lýðurinn grýtti Stefán, kallaði hann til Guðs og sagði: "Drottinn Jesús, meðtak þú anda minn.



Síðan, eins og Jesús á
krossinum, notaði þessi
hugrakki maður síðustu
andatök sín til að
biðja Guð um
að fyrirgefa
banamönnum
sínum.



Með dauða Stefáns hófst ný alda ofsókna. Ungur maður að nafni Sál, sem aðstoðað hafði banamenn Stefáns, handtók alla kristna sem hann gat fundið. Margir þeirra flúðu heimili sín og tvístruðust um alla Júdeu og Samariú. Aðeins postularnir dvöldu í Jerúsalem.



Þeir sem tvístrast höfðu, fóru víðsvegar flytjandi fagnaðarerindi Jesú, þrátt fyrir að féndur þeirra væru á eftir þeim að reyna að drepa þá. Ekkert gat stöðvað fylgjendur Jesú því að heilagur andi Guðs bjó í þeim og starfaði í gegnum þá.



Kirkjan í öngstræti

Sögu þessa úr heilagri ritningu, biblíunni,


er að finna í

Postulasögunni 4-9

“Þegar orð þín ljúkast upp, ljóma þau.”

Sálmarnir 119:130





| 56

||||| 60



Þessi biblíusaga er um okkar dýrlega Guð, sem skapaði okkur,
og sem vill að þú þekkir hann.

Guð veit að við höfum öll gert rangt, sem hann kallar synd. Hegning syndarinnar er dauði, en Guð elskar þig svo mikið, að hann sendi sinn eina son, Jesú, til að deyja á krossi í hegningarskini fyrir syndir þínar. Svo vaknaði Jesús aftur til lífs, og fór heim til himnaríkis. Ef þú trúir á Jesú, og biður hann að fyrirgefa þér syndir þínar, þá fyrirgefur hann þér tafarlaust, og kemur til að lifa í þér, og þú með honum til eilífdar.

Ef þú trúir þessu, segðu þá eftirfarandi til Guðs:
Kæri Jesús, ég trúi að þú sért Guð, sem komst í líki manns til að deyja fyrir syndir mínar, og komst svo aftur til lífs. Ég bið þig að koma nú inní líf mitt og fyrirgefa mér syndir mínar, svo ég geti byrjað nýtt líf, og komið svo til að vera með þér í himnaríki. Hjálpaðu mér að hlýðnast þér, og lifa fyrir þig sem barn Guðs. Amen

Lestu biblíuna og talaðu við Guð á hverjum degi!

